



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Hin ýmsu rými dauðans

Hugleiðingar um heterótópíur og dauðann

Dagný Harðardóttir

Lokaritgerð til BA-prófs

Listaháskóli Íslands

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Hin ýmsu rými dauðans

Hugleiðingar um heterótópíur og dauðann

Dagný Harðardóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í arkitektúr

Leiðbeinandi: Hildigunnur Sverrisdóttir

Arkitektúr

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Desember 2015

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BA-prófs í arkitektúr.
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Dauðinn er nálægur í lífi okkar allra. Við upplifum hann þegar við missum einhvern úr lífi okkar eða stöndum sjálf frammi fyrir honum. Dauðinn skapar margvísleg rými sem eru jafnt innra með okkur og í umhverfi okkar. Í þessari ritgerð er fjallað um hugmyndir franska heimsspekingsins Michel Foucault um heterótópíur og hvernig þær hjálpa okkur að skilja það sem við köllum dauðarými.

Heterótópíuna má skilja í ljósi útópíunnar. Við leitumst við að fullkomna líf okkar í útópíunni. Útópían er ekki áþreifanlegt rými heldur hugmynd um hið fullkomna. Afurð útópíunnar er heterótópían sem finna má í raunverulegu rými. Heterótópíurnar eru okkur nauðsynlegar til þess að komast sem næst útópíunni.

Með heterótópíur að leiðarljósi eru hin ýmsu rými dauðans skoðuð og þau sett í sögulegt samhengi. Þá er leitast við að skilja hvað það er sem hefur áhrif á dauðarýmin, samspil þeirra við svo kölluð þekkingarrými og hvernig þessi rými birtast okkur í dag. Enn fremur er fjallað um dauðarýmin út frá því sem Foucault kallar lögmál heterótópíanna. Þau finnast í öllum menningarsamfélögum oft sem táknmyndir kreppu eða frávíks í formi stofnanna fyrir dauðann. Dauðarýmin breytast, mótast og þróast samhliða þekkingarrými hvers tíma og endurspegla hugmyndir okkar um manninn og dauðann. Þau setja á svið smækkaða heimsmynd sem þjónar öllum trúar og samfélagshópum. Dauðarýmin eru einnig nátengd tímanum bæði í sorg og minnisvörðum sem bera merki hvers tíma. Þá standa dauðarýmin okkur ekki alltaf opin og veruleiki dauðans er nútímamanninum oft hulin.

Að lokum er fjallað um það með hvaða hætti þessi útlistun Foucault nýtist í verkefnum arkitekta sem þurfa jafnan að horfa bæði til fortíðar og framtíðar, skilja þau rými sem hafa orðið til hvort sem þau snúa að hugmyndum, skipulagi eða byggingum. Að sama skapi er heldur ekki hægt að horfa framhjá þeirra eigin reynslu af dauða, tíma eða rými.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Útópíur og heterótópíur	7
1.1. Rými líkama og sálar	9
1.2. Rými trúar, hugar og lífs eftir dauðann	9
2. Staðbindingin, víðáttan og staðsetningin.....	12
2.1. Rými þekkingarinnar	12
3. Kreppan og frávikid. Fyrsta lögmál heterótópíunnar.....	14
3.1. Rýmin fyrir andlát	14
4. Afmörkuð hlutverk og breytileiki tímans. Annað lögmál heterótópíunnar.....	16
4.1. Rýmin eftir andlát.....	16
5. Þverstæðan og fjölbreytileikinn. Þriðja lögmál heterótópíunnar	18
5.1 Rými með mörg andlit	18
6. Uppsöfnun og hverfuleiki tímans. Fjórða lögmál heterótópíunnar.....	20
6.1. Rými sorgarinnar.....	20
7. Kerfi opunar og lokunar. Fimmta lögmál heterótópíunnar.....	22
7.1 Rými grafarinnar	22
8. Blekking og sárabót. Sjötta lögmál heterótópíunnar	24
8.1. Rými sýndarveruleikans.....	24
8.2. Rými umhverfissvakningar	25
Lokaorð	26
Heimildaskrá.....	27
Myndaskrá	29

Inngangur

„Vertu hugrökk“ var það síðasta sem Þorgils afi minn sagði við mig áður en hann dó. Hann var orðinn gamall, 93 ára og hafði verið við góða heilsu þangað til stuttu fyrir andlát. Hann var tilbúinn að fara. Þetta var á aðfangadag og við skautuðum hálfpartinn á spariskónum í hálkunni að spítalanum áður en við gæddum okkur á jólamatnum. Við höfðum keypt jólagjöf fyrir hann jafnvel þó við vissum að þetta væri kveðjustund. Afi dó nokkrum dögum seinna þann 28. desember á sjúkrahúsinu á Akranesi. Útförin fór fram í Akraneskirkju og var hann grafinn í kirkjugarðinum þar. Á meðan jarðaför afa stóð var ég hins vegar stödd hinum megin á hnettinum. Ég missti af hinni eiginlegu kveðjustund.

Dauði afa er rýmislega lýsandi fyrir okkar samfélag, fyrir utan að hann staldraði ekkert við á elliheimili áður en hann dó á spítalanum. Hann dó á rýmislega viðeigandi stað, fékk sitt persónulega rými eftir andlát (líkkistu) og síðar sinn afmarkaða grafreit, rými líkamlegra leifa hans en ekki síður staður fyrir okkur aðstandendur til að minnast hans. Jafnvel þótt afi búi í huga mínum þá sakna ég rýmisupplifun jarðafararinnar.

Rými dauðans teygja anga sína út um allt. Fyrir dauðann, eftir hann, til aðstandenda, inn í líkamann, hugann, sorgina og minninguna. Rými þessi finnast í öllum samfélögum. Maðurinn þarf á dauðarýmum að halda. Við þurfum þau af praktískum ástæðum en einnig til að syrgja, minnast, setta okkur við og skilja dauðann.

Tilvera okkar á sér stað í rými. Sjálf erum við rými stödd í rými sem umlykur okkur. Rýmið er sundurleitt, hlaðið og í öllum skölum innan sem utan mannsins. Á sama tíma og það smýgur inn í smæsta hugarfylgsni okkar getur það sprungið út í himingeimnum. Rými mannsins, líkamans og það sem umlykur hann hefur óneitanlega áhrif á veru okkar. Rýmin eru þó háð tímanum, líffræðilega og hugmyndafræðilega. Með tímanum fjarar líf líkamans út og starfsemi hans stöðvast, hann deyr. Með tímanum lifna hugmyndir við og deyja. Nærvera tímans og dauðans og afstaða samfélaga til þessarar nærveru mótar svo hugar- og lífsrými okkar. Þau eru birtingarmynd tímans. Hvort sem það eru æðaberar og lúnar hendur, veðurbarinn og sprunginn húsveggur, kirkjugarður sem minnir okkur á lífskeið okkar og forfeður eða hopandi jökull, sjást ummerki tímans allt í kringum okkur. Við erum stöðugt áminnt að hér verðum við ekki að eilífu. Hvorki maðurinn né aðrir kraftar heimsins hafa stjórn á tímanum. Hann gengur stöðugur óháður öllu öðru. Við stjórnnum ekki gangi sólar, degi og nótt, fremur en öldrun líkamans. Dauðinn sem og tíminn er fastinn okkar og samnefni og munu leiðir sérhvers manns og dauðans ávallt mætast.

Ég hef alltaf heillast af dauðanum. Það ber ekki að skilja sem svo að ég hafi áhuga á því að deyja eða hafi sérstakan áhuga á ellinni, þjáningum eða sorginni. Heldur heillast ég af dauðanum á abstrakt máta. Dauðinn hefur bein og óbein áhrif á allt í kringum okkur. Umgjörð hans birtir okkur hugmyndir samfélagsins hverju sinni. Með umgjörð á ég við arkitektúr dauðans. Arkitektúr í formi bygginga, borgarskipulags, tækni og jafnvel einskonar arkitektúr hugans og líkamans. Rými dauðans snúa jafnt að líkamanum sem og samfélaginu, hinu praktíska og yfirnáttúrlega. Rými dauðans eru þau sem minna okkur á tímann og lýsa honum. Þau mótast af okkur og með okkur og stjórna af gildum hvers tímabils. Í þeim fléttast rými og tími saman.

Starf hins rýmismótandi arkitekts getur verið flókið. Fyrir mér liggur áskorun arkitekta í að nota og að sama skapi beisla frjótt ímyndunaraflið með gagnrýnni ákvarðanatöku. Í starfinu felst að geta greint þarfir hverju sinni úr umhverfi og samfélagi, leitað inn á við en einnig skoðað þann hugmynda- og fræðibrunn sem til er. Við erum líklega alltaf mótuð af gildandi hugmyndum um rými og því er mikilvægt að rýna í söguna og átta sig á hvað mótar okkur og reyna hvoru tveggja, að þekkja og virða söguna en vilja um leið brjótast út fyrir þekkingarramma hvers tíma. Nám okkar byggist ekki eingöngu á að lesa bækur sem segja okkur hvar og hvernig við eigum að leysa hlutina. Við þjálfum okkur í að tvinna saman hugmyndir, við glímum við tíma og rými án þess þó að gleyma að vísa í okkar eigin reynslu og þarfir í trausti þess að þær endurspegli þarfir þeirra einstaklinga og samfélags sem við vinnum fyrir.

Ritgerðin gerir hugmyndir franska heimsspekingsins Michel Foucault um heterótópíur að útgangspunkti. Með umfjöllun um heterótópíur sem verkfæri mun ég skoða hin ýmsu rými dauðans, setja þau í sögulegt samhengi og leitast við að skilja hvað það er sem hefur áhrif á þau og hvernig þau birtast okkur í dag.

1. Útópíur og heterótópíur

Útópíur er gjarnan lýst sem hugmyndinni um fullkomna útgáfu raunveruleikans. Orðið samanstendur af grísku orðunum „ou“ sem merkir ekki og „topos“ sem merkir staður.¹ Útópíur eru óraunverulegar að því leyti að þær eiga sér sjaldnast áþreifanlegan stað í samfélaginu. Þær eru hins vegar raunveruleg rými hugans og einskonar markmið samfélagsins í átt að fullkomleikanum. Útópíur eru ýmist bein hliðstæða samfélagsins og fullkomin mynd þess eða öfug hliðstæða samfélagsins og andstæða þess.

Dauðarýmin eiga margt skylt við útópíur og það sem franskur heimspekingurinn Michel Foucault skilgreindi heterótópíur í erindi sínu *Um önnur rými* á vegum rannsóknarhóps um byggingarlist árið 1967. upp. Í umfjöllun sinni greinir hann frá sérstökum rýmum sem tengjast á einhvern hátt öllum rýmum samfélagsins en eru á sama tíma mótsögn þeirra. Rými þessi eru ýmist staðlausar útópíur eða heterótópíur; afbrigði af útópíum sem eiga sér raunverulegan stað. Heterótópíur eru marglaga samfélagsleg rými og afurð útópíu sem gera hana sem næst möguleikanum eða leysa hana upp. Um er að ræða annarleg rými sem eiga sér áþreifanlegan stað ólíkt útópíunum.² Heterótópían, eða staðbrigðið, finnst í öllum menningarsamfélögum og „... tákna, vefngir eða umbyltir hinum raunverulegu staðsetningum ...“³

Fræðunum er ætlað að lýsa þeim sérkennilegu rýmum sem standa með einhverjum hætti í senn utan og innan samfélags okkar og koma róti á hefðbundna formgerð þess og markalínur... Þessi rými, sem Foucault nefnir heterótópíur, eru í senn skyld útópíunum og frábrugðin þeim. Þetta eru „afbrigði útópíu sem orðin eru að áþreifanlegum veruleika“ og eru því ekki lengur hrein ímyndum eða „staðleysa“, heldur hluti af hversdagslífi okkar.⁴

Foucault notar spegilinn til útskýringar á sameiginlegri reynslu útópíu og heterótópíu. Spegilinn er útópía að því leyti að hann er staður án staðar. Með spegilmynd sinni sýnir hann okkur stað sem ekki er til. Í speglinum sér maður því sjálfan sig þar sem maður er ekki staddur. Hinsvegar er spegillinn heterótópía þar sem hann er raunverulegur hlutur sem hefur áhrif á raunverulegt rýmið í kringum sig. Það sem maður sér í speglinum er manni raunverulegt þrátt fyrir vitund um óraunveruleika þess.

¹ Jón Gunnar Þorsteinsson, „Hvað er útópía?“, *Vísindavefurinn*, 5. maí 2003, sótt 2. nóvember af: <http://visindavefur.is/svar.php?id=3388>.

² Michel Foucault, „Um önnur rými“, í *Ritið: Tímarit hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 1 t.bl., Benedikt Hjartarson þýddi, 131-142, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2002, bls. 135-136.

³ Foucault, „Um önnur rými“, bls.135.

⁴ Foucault, „Um önnur rými“, bls.131.

Dauðanum er oft lýst sem rýmislegri upplifun þar sem líkami eða sál fer á annan og betri stað í ferðalaginu frá rými lifanda til rými hinna dauðu.⁵ Viðleitni mannsins við að útskýra dauðann sýnir að vissu leyti fram á hversu mikilvægur og stór þáttur hann er í lífi okkar.⁶ Hvernig við skilgreinum rými hinna dauðu fer að öllu leyti eftir því hvar við erum stödd í tíma og rými.

Höfundur veltir því fyrir sér hvort dauðann megi skilgreina undir formerkjum útópíu og heterótópíu. Líkt og spegillinn getur dauðinn verið sameiginleg reynsla af útópíu og heterótópíu. Hann er rými án staðar en mótar lífrými okkar. Upplifun hans gæti verið útópísk þar sem hann er hinn eiginlegi og fullkomni endir lífs. Einnig mætti halda því fram að margar hugmyndir um líf eftir dauða séu útópíur. Staðir þar sem allt er gott og hinir dauðu lifa fullkomnu lífi. Dauðinn, rétt eins og spegilinn, endurspeglar eitthvað raunverulegt rými. Dauðarýmin eru heterótópíur því þau eru raunverulegir staðir sem þjóna hugmyndum okkar um dauðann, þjóna dauðanum sem útópíu og einnig markmiðum samfélagsins í átt að fullkomnun útópíunnar. Dauðarýmin eru þau sem hafa áhrif á mann í raunverulegu rými. Þau lýsa einhverskonar baráttu staðar, rýmis og tíma. Þau eru líkamleg en í senn farvegur fyrir önnur rými hugans. Foucault segir bátinn, rýmið sem færast úr einu í annað en á engan fastan stað, vera hina fullkomnu heterótópíu.⁷ Dauðinn er gjarnan persónugerður þar sem hann færast úr einu rými í annað er hann sinnir erindi sínu. Báturinn hefur einnig verið notaður sem tákn og myndlíking fyrir ferðalag frá rými lifanda til hinna dauðu.⁸



Mynd 1: Höfundur horfir fram á við, í gegnum spegilmynd afa sem horfir friðsælega fram í eilífðina.

⁵ Avril Maddrell og James D. Sidaway ritstýrðu, *Deathscapes: Spaces for Death, Dying, Mourning and Remembrance*, Surrey: Ashgate Publishing Limited, 2010, bls. 21-23.

⁶ Calvin Conzelus Moore og John B. Williamson, „The Universal Fear of Death and the Cultural Response,“ í *Handbook of death and dying*, Clifton D. Bryant og Dennis L. Peck ritstýrðu, 3-13, London: SAGE Publications, 2007, bls. 9.

⁷ Foucault, „Um önnur rými,“ bls.142.

⁸ „Charon,“ *Britannica*, sótt 24. Nóvember 2015 af: <http://www.britannica.com/topic/Charon-Greek-mythology>.

1.1. Rými líkama og sálar

Hvort meiri áhersla er lögð á hin líkamlegu og eiginlegu rými eða rými sálar og hugar gegnir mikilvægu hlutverki í mótun dauðarýma. Viðfangsefnið dauðarými er óneitanlega bundið líkamanum.⁹ Dauði er óhjákvæmilegt náttúrulegt ferli og hefur hugtakið verið skilgreint sem algjör stöðnun á allri starfsemi lífveru, andlát, bani, ævilok, þar sem líkaminn deyr. Til þess að geta skilgreint dauðann þarf að skilja hvað það er sem greinir hann frá lífi. Ef við gefum okkur að líf og dauði séu andstæðir kraftar sem vinna á móti hvor öðrum þarf að þekkja hvenær lífseðli og eiginleikar lífveru hafa glatast upp að því marki að lífvera getur talist öll. Í vestrænu samfélagi dagsins í dag þarf til að mynda að staðfesta andlát í samræmi við læknisfræðilega staðla. Skilgreining dauðans fer þó eftir samfélagsgerð og tíma og er ekki alltaf bundin líkamanum. Í menningu Grikkja og í Krist-gyðinglegri arfleið var dauðinn þegar sálin yfirgaf líkamann. Í mörgum tungumálum eru líkindi í orðunum sál, andi og andardráttur við það þegar andi náttúru yfirgefur líkamann með síðasta andvarpinu. Í gegnum mannkynssöguna hefur verið vísað í sál eða anda sem frelsast eða endurholdgast við dauða líkamans. Oftar en ekki hefur þessi andlegi þáttur dauðans verið mikilvægari en sá líkamlegi við ákvörðun dauðastundar.¹⁰ „Til þess að hægt sé að skilgreina dauða einstaklings verðum við að viðurkenna þau auðkenni sem eru eðlislæg í hinu mannlega. Það er algerlega ófullnægjandi að takmarka umræðuna um dauðann við heilann eða hjartað.“¹¹

Oftast fer þetta tvennt saman. Frá upphafi mannkyns hafa menn þurft að losa sig við líkamlegar leifar. Sýnt hefur verið fram á að þær aðferðir sem hafa verið notaðar hafi ekki bara sprottið upp af praktískum ástæðum heldur einnig sem aðferð við að búa til einskonar farveg fyrir manneskjuna eftir dauða.¹²

1.2. Rými trúar, hugar og lífs eftir dauðann

„Líf hinna dauðu á sér stað í minningum hinna lifandi“.¹³ Jafnvel þótt líkaminn okkar og lífskeið sé háð samspili rýmis og tíma er hugur okkar fær um að brjóta þennan múr í formi hugsana og drauma. Hugmyndir um upphaflegt form trúarinnar byggist á frumstæðum útskýringum mannsins á minningum, draumum, sýnum og öðrum vinklum ímyndunarafslsins. Talið er að áþreifanlegt rými vöku hafi verið jafn raunverulegt

⁹ Moore og Williamson, „The Universal Fear of Death and the Cultural Response“, bls. 4.

¹⁰ Örn Bjarnason, „Skilgreining dauðahugtaksins og staðfesting dauða“, *Læknablaðið*, 2000, bls. 39-40.

¹¹ Örn Bjarnason, „Skilgreining dauðahugtaksins og staðfesting dauða“, bls. 44.

¹² Samuel G. F. Brandon, „Death Rite“, *Britannica*, sótt 23. nóvember 2015 af <http://www.britannica.com/topic/death-rite#toc66356>.

¹³ „The life of the dead is placed in the memory of the living.“ „Marcus Tullius Cicero Quotes“, *Brainy Quote*, sótt 6. nóvember af http://www.brainyquote.com/quotes/authors/m/marcus_tullius_cicero.html.

frummanninum og rými drauma og ímyndunarafis. Maðurinn gat í draumarýminu og rými hugans, í því sem við skilgreinum nú sem minningar, kallað fram mynd hinna látnu. Frumstæð útskýring er því að hinir látnu séu enn á lífi í öðru rými.¹⁴

Trúarbrögð hafa í gegnum tíðina gefið mannum ákveðið tungumál og eiga dauðasiðir okkar rætur sínar að rekja til trúarlegra kenninga. Samfélög fóru snemma í mannkynssögunni að móta trúarleg kerfi til skýringa á hugtökum eins og lífi og dauða.¹⁵ Trúarbrögðin svöruðu þó ekki einungis spurningunum um líf og dauða heldur voru þau einnig svar við þörf samfélagsins til að koma reglu á flókna sambúð og samskipti. Með trúarbrögðunum og kenningum þeirra mótuðust aðferðir til að stjórna hegðun fólks.“ Maðurinn vissi snemma að agi og regla voru nauðsynleg svo samfélagið mætti blómstra. Samfélag í óreglu hafði í för með sér óreiðu sem leiddi á einn eða annan hátt til dauðans. Regla trúarinnar var því að sama skapi ekki einungis til útskýringar á dauðanum heldur leið til þess að koma í veg fyrir hann að einhverju leyti.¹⁶ Hægt er að halda því fram að eitt af mikilvægari verkefnum trúarbragða hafi þó verið að útskýra, finna svör og finna fólki leið til að takast á við dauðann. Trúarbrögð leitast við að skilja tilgang lífsins en einnig að kynna til leiks, upp að einhverju marki, það næsta.¹⁷ Dauði líkamans hefur gjarnan verið skilgreindur með þeim hætti að sálin yfirgefi hann og lifi á einhvern hátt áfram eða endurholdgist í öðrum líkama. Þetta á rætur sínar að rekja til trúarbragða þar sem bilið milli hinna lifandi og dauðu var brúað. Dauðinn var ekki lengur endastöð heldur þröskuldur yfir í næsta líf eða annan heim. Samfélagsþegnum var að sama skapi gert kleift að biðja eða jafnvel tala við hina dauðu. Allt eru þetta aðferðir við að skilja og sætta sig við dauðann.¹⁸

Það má nánast slá því föstu að hugmyndin um líf eftir dauða sé jafn gömul mannkyninu og eflaust ein sú langlífasta. Í dag er enn talað um að maðurinn fari eitthvert við andlát, í annað rými, hvort sem rætt er um Nangijala, himnaríki eða endurfæðingu annars staðar á hnettinum. Hér er þó vert að nefna að samfélag nútímans er ekki einsleitt og því ein hugmynd ekki algild fyrir alla samfélagsþegna. Höfundur hefur til að mynda átt í samræðum við fólk sem kemur úr afar svipuðum reynsluheimi hvað varðar aldur, kyn, þjóðerni og sömu skoðanir á mótandi þáttum lífsins en samt verið ósammála um afdrif okkar eftir dauðann. Við búum í heimi skoðanafrelsis og trúfrelsis. Umfjöllun hér á eftir um heterótópíur og sex

¹⁴ Moore og Williamson, „ The Universal Fear of Death and the Cultural Response,“ bls. 4.

¹⁵ Peter Stanford, *How to Read a Graveyard*, London: Bloomsbury Publishing, 2013, bls. 17.

¹⁶ Moore og Williamson, „ The Universal Fear of Death and the Cultural Response,“ bls. 5.

¹⁷ Peter Stanford, *How to Read a Graveyard*, bls. 17.

¹⁸ Moore og Williamson, „ The Universal Fear of Death and the Cultural Response,“ bls. 4.

lögmál þeirra mun forðast að alhæfa en tekur þó mið af því að á hverjum tíma eru ákveðnar megin hugmyndir ríkjandi í samfélaginu. Til þess að skilja dauðarýmin og heterótópíurnar betur er mikilvægt að setja rýmin í sögulegt samhengi við manninn.

2. Staðbindingin, víðáttan og staðsetningin

Tími og rými fléttast saman á marga vegu. Tíminn takmarkar og mótar okkur líffræðilega og hugmyndafræðilega. Mannkynssagan gefur okkur greinagóðar upplýsingar um samband mannsins við dauðann, tímann og rýmið. Í umfjöllun sinni *Um önnur rými* greindi Foucault gróflega frá sögu rýmisins í hinum vestræna reynsluheimi. Verður umfjöllun um dauðarýmin því hér afmörkuð að mestu leyti við hinn vestræna heim.

Á miðöldum var rýmið samansafn ólíkra rýma sem röðuðust upp í stigveldi. Frá hinu heilagasta til vanhjelgaðasta, opnasta til lokaðasta, borg til sveitar, himnaríki til helvítis.¹⁹ Þetta má skilgreina sem nokkra stigavaxandi ása með skurðpunkt í miðju. Á einum þeirra er himnaríki efst og helvíti neðst, með kirkjuna, konungsvaldið og jörðina í miðjunni. Allt á sér fastan stað. Kalla mætti rými miðalda rými staðbindingarinnar.

Samkvæmt Foucault hrundi rými staðbindingarinnar með Galilei á 17. öld. Hann setti fram nýja enduruppötvaða heimsmynd með aðferðum vísindanna og sýndi fram á að jörðin væri ekki fastur miðpunktur, heldur væri á hreyfingu og snérist um sólu. Jörðin sem miðpunkturinn gekk ekki lengur upp. Rýmið opnaðist og varð óendanlegt og einnig á hreyfingu. Víðáttan tók við af staðbindingunni.

Með 19. öldinni tók rými staðsetningar við af víðáttunni.²⁰ „Staðsetningin ákvarðast af innbyrðis tengslum punkta eða þátta sem má lýsa formlega með runum, hríslum eða neti.“²¹ Ef víðáttan er endalaus virðist rökrétt að ákvarða stað ekki sem fastann heldur frekar hvernig hann liggur í afstöðu við annan stað. Það sem ákvarðar staðsetningu rýma og er mikilvægast til útskýringar tilveru þeirra eru tengslin á milli þeirra. Hvernig tengslin eru svo skilgreind fer eftir aðferðum, tækni og leiðum hvers tíma. Foucault fjallar um að ein þessara aðferða við skilgreiningu tengsla milli rýma sé tíminn.²²

2.1. Rými þekkingarinnar

Sögulegan tíma rýmis má yfirfæra á dauðarýmin. Dauðarýmin eru háð viðhorfum, hugmyndum og þekkingu sem maðurinn hefur um sjálfan sig, tímann og dauðann. Foucault fjallar um rými þekkingarinnar á sögulegum grundvelli. Þekkingarrými hvers tíma varpa ljósi á möguleika og takmarkanir sem hugsun mannsins er sett.²³ Líkja má þessu við ramma sem heldur um hugsanir okkar og gerir okkur erfitt fyrir þegar við ætlum okkur að hugsa út

¹⁹ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 132-133.

²⁰ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 133.

²¹ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 133.

²² Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 134.

²³ Sigrún Sigurðardóttir, „Þekkingarrými,“ *Mæna*, 2012, bls. 60.

fyrir hann. Foucault skiptir þekkingarrýmum vestrænnar menningar í tímabil á sama hátt og sögu rýmis þeirra, miðaldir og endurreisnartímam (rými staðbindingarinnar), klassíska tímam (víðáttan) og nútímam að miðri 20. öld (rými staðsetningar). Telur hann að hvert tímabil byggist á megin mótandi hugmynd eða uppistöðu þekkingarinnar í einskona lyklum að þekkingarrýminu. Á endurreisnartímanum er það guð, á klassíska tímanum er það náttúran og í nútímanum er það maðurinn sjálfur.²⁴ Þekkingarrýmin mótast og takmarkast í flóknu samspili hugsunar mannsins. Einnig hefur tungumálið og takmarkanir þess áhrif auk annarra ólíkra þátta líkt og vald, ögun og eftirlit, breytingar í umhverfi og samfélagi eins og iðnbylting, innreið kapítalismans, framfarir í vísindum, læknisfræði og borgarþróun.²⁵

Hvernig yrði rými okkar daga útskýrt með sögulegum forsendum Foucault? Margt hefur breyst frá því að hann skilgreindi „nútímarýmið“ fram að miðri 20.öld og áhrifavalda þess. Er dauðinn ef til vill forsenda þróunar þekkingarrýmisins? Dauðinn markar endalok eins hugmyndaheims sem skapar um leið forsendur fyrir nýjum hugmyndum. Þannig má segja að dauðinn sé það sem bindur okkur saman í rýminu, þvert á viðtekna hugsun um dauðann.

²⁴ Steinar Örn Atlason, „Það gisti óður: Um Foucault, líkamann og lífvaldið,“ í *Af marxisma*, 2. útgáfa, Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson ritstýrðu, 62-82, Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012, bls. 65.

²⁵ Sigrún Sigurðardóttir, „Þekkingarrými,“ bls. 60-62.

3. Kreppan og frávikið. Fyrsta lögmál heterótópiunnar

Heterótópiur má finna í öllum menningarsamfélögum. Þær eru fjölbreytilegar að gerð en þeim má skipta í tvö afbrigði, kreppu- og frávíks heterótópiur. Kreppu heterótópiur eru staðir fyrir þá í samfélaginu sem eiga í einhverskonar kreppu gangvart því. Foucault telur þessa staði vera á undanhaldi í nútíma samhengi en nefnir dæmi um menjar þeirra, unglínginn í heimavistaraskólanum, konur á blæðingum, sængurkonur, gamalmenni, menn í herþjónustu og brúðkaupsferðina. Allt eru þetta dæmi um kreppu ástand sem má helst ekki eiga sér stað utan heterótópiunnar, því ef þeir eiga sér stað í hinu almenna rými samfélagsins gengur hugmyndin um útópiu þess síður upp. Staðirnir eru því gjarnan heilagir eða bannaðir og aðeins aðgengilegir þeim sem eiga í kreppunni. Foucault tengir kreppu heterótópiunnar við „frumstað“ samfélög og gefur þannig í skyn að hitt afbrigðið frávíks-heterótópiunnar megi finna í „þróaðri“ samfélögum. Segja má að frávikið hafi tekið við af kreppunni. Frávíks-heterótópiur eru staðir sem gegna því hlutverki að koma einstaklingum fyrir sem eru frávík í samfélaginu. Þetta eru staðir fyrir þá afbrigðilegu sem ekki má koma fyrir innan þess sem talið er eðlilegt og æskilegt. Frávíks heterótópiur eru geðveikrahæli, fangelsi og elliheimili.²⁶

3.1. Rýmin fyrir andlát

Líkt og heterótópiunnar er dauðann og rými hans að finna alls staðar. Telur höfundur að dauðinn eigi erindi við fyrsta lögmál heterótópiunnar þar sem hann gæti flokkast undir það sem samfélagið telur óæskilegt og eitthvað sem ber að forðast. Dauðinn í sjálfum sér er ekki kreppa eða frávík því allir vita að hann er óumflýjanlegur en rými hans í okkar daglega lífi er háð takmörkunum.

Áður fyrr var fólk í mun meiri snertingu við dauðann. Þá var hann sýnilegri og aðstandendur hins látna þurftu að huga að líkinu og koma því fyrir. Samhliða nýju rými þekkingar fór fyrir dauðanum eins og öllu hinu, hann var hólfaður niður og stofnanavæddur. Dauðinn átti sér ekki lengur stað meðal almennings heldur færðist hann í hendur sérfræðinga í sérhæfðum hölfum samfélagsins. Dauðinn varð að atvinnu og hinum dauðu komið fyrir í höndum sérfræðingsins. Smám saman breyttust hefðir og hættir almennings í tengslum við hvernig ætti að meðhöndla hina dauðu. Um leið varð fólk þá háð stofnuninni og hugmyndin um að sérþekkingu þyrfti til þess að takast á við dauðann myndaðist. Dauðinn varð að fyrirbæri sem þurfti að skipuleggja, stjórna, koma fyrir og varð að áhættu. Áhætta sem við tengjum við eitthvað hættulegt sem ber að forðast.²⁷

²⁶ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 137.

²⁷ Maddrell og Sidaway, *Deathscapes*, bls. 82.

Stofnanavæðing dauðans fólst meðal annars í að rými hans teygðu sig umfram vitjunartíma hans. Þar á höfundur við stofnanir líkt og spítala, líknarheimili og elliheimili þar sem við getum komið þeim fyrir sem bíða dauðans. Þessi rými eru lýsandi fyrir fyrsta lögmál heterótópianna. Þau létta kannski þá vinnu sem þeim deyjandi fylgir og létta jafnvel á þjáningum þeirra sem þar bíða en þau skapa ákveðin skil á milli hinna heilbrigðu og hinna dauðvona með það að markmiði að koma í veg fyrir að hinir fyrrnefndu séu beinir þátttakendur og þar með minntir á dauðann.

Fólki hefur verið gefinn kostur á að komast hjá því að sjá þá sem eru að deyja. Sú var tíðin að dauðastundin var opinber athöfn í lífi einstaklingsins og mikilvert fordæmi; í nútímanum hefur banalegunni jafnt og þétt verið ýtt æ lengra í burt frá skynsviði hinna lifandi... Áður var ekki til hús, og varla herbergi þar sem einhver hafði ekki dáið einhvern tíma... Í dag eru menn í herbergum sem dauðans hönd hefur aldrei snert, þeir eru eins og leigjendur eilífðarinnar, og þegar styttist í endalokin hjá þeim, koma erfingjarnir þeim fyrir á heilsuhælum eða sjúkrahúsum.²⁸

²⁸ Walter Benjamin, „Sögumaðurinn: Hugleiðingar um verk Nikolai Leskov,“ í *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, Bergljót Soffía og María Kristjánsdætur þýddu, aðal þýðandi Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 259.

4. Afmörkuð hlutverk og breytileiki tímans. Annað lögmál heterótópiunnar

Annað lögmál heterótópiunnar snýst um hvernig hún hefur ávallt afmarkað hlutverk en breytist þó og þróast samhliða samfélaginu og þekkingarrýmum þess. „Annað lögmál þessarar lýsingar á heterótópiu er að samfélagið getur eftir því sem sögu þess vindur fram fengið heterótópiu, sem heldur áfram að vera til, mjög ólík hlutverk. Í raun hefur hver einasta heterótópía skýrt og afmarkað hlutverk innan samfélagsins og sama heterótópían getur haft mismunandi hlutverk eftir því menningarástandi sem hún er hluti af.“²⁹

4.1. Rýmin eftir andlát

Hér tekur Foucault kirkjugarðinn sem dæmi og rekur sögu hans. Kirkjugarðurinn hefur alltaf verið til í einhverju formi í vestrænni menningu. Hann er annarlegur og sérkennilegur staður en tengist þó umhverfi sínu í heild og öllum samfélagsþegnum, sem allir eiga einhvern tíman erindi þangað. Fram undir lok 18. aldar var kirkjugarðurinn í hjarta borgarinnar. Allir voru þar grafnir þó stéttarskiptingu grafreita mætti merkja í formi þess hvar og hvernig einstaklingar voru grafnir svo sem beinahvelfingar almúgans og einstaklingsgrafir á kirkjulóðinni eða grafhýsi staðsett inn í kirkjunni.

Foucault nefnir að á 19. öld verði siðmenningin „trúlaus“.³⁰ Breytingar verða á vestrænu samfélagi og þeim sem aðhyllast skipulögð trúarbrögð fer smám saman fækkandi. Eins og komið hefur verið að í fyrri köflum áttu trúarbrögð stóran þátt í að koma á reglu og skilningi. Bent hefur verið á í þessu samhengi að þáttur trúarinnar, eða réttara sagt minnkandi þáttur trúarinnar, hafi haft mikil áhrif á þekkingarrýmið og hver viðhorf samfélags okkar til dauðans eru.³¹ Á 19. öld verður það siður að hver og einn líkami fái sitt rými, líkkistuna. „Það var í raun afar eðlilegt að menn legðu ekki megináherslu á hinar jarðnesku leifar á meðan þeir trúðu staðfastlega á upprisu líkamans og ódauðleika sálarinnar. Frá þeim tímamótum er menn taka að efast um að þeir hafi sál og að líkami þeirra muni rísa upp frá dauðum, verða þeir e.t.v. þvert á móti að sýna hinum jarðnesku leifum mun meiri athygli, því að þegar upp er staðið þá eru þær einu ummerkin um tilvist okkar innan heimsins og meðal orðanna.“³² Á sama tíma færir kirkjugarðurinn út fyrir borgina. Samkvæmt Foucault má tengja það þeirri hræðslu og umræðu sem myndast í lok 18. aldar um dauðann. Þetta má orða með þeim hætti að þekkingarrými þess tíma með framförum í vísindum gerði sér grein

²⁹ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 137-138.

³⁰ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 138.

³¹ Peter Stanford, *How to Read a Graveyard*, bls. 17.

³² Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 138.

fyrir og skildi betur sjúkdóma og hvernig þeir dreifðust manna á milli. Dauðinn varð þarna að sjúkdómi. Nærvera hans var ógeðfelld, þrúgandi og óæskileg. Dauðinn sjálfur dreifði dauðanum í gegnum rými sín. Dauðarýmið, smitvaldurinn, var færður í útjaðarinn.³³

Rýmin sem taka við okkur eftir andlát eru margvísleg, líkhúsið, líksnyrtirinn, líkkistan og líkofninn sem dæmi. Einhver staður verður þó að vera eiginleg endastöð. Heterótópían kirkjugarðurinn er ef til vill almennasta formið og það form dauðarýma sem hefur þann eiginleika að aðlagast menningu og þekkingarrými hvers tíma hvað best og er ólíkar áherslur hverjum og einum sýnilegar sem leggur leið sína í kirkjugarð. Hvernig sem dauða manns er háttáð er honum yfirleitt komið fyrir í kirkjugarðinum eða umhverfis kirkjuna í okkar menningu.³⁴

Höfundur veltir því fyrir sér hvort lýsing Foucault á kirkjugarðinum sem stað sem samfélagið óttast eða finnst ógeðfellt gildi enn í dag. Nýlega horfði höfundur á bíómynd með Zac Efron í aðalhlutverki þar sem persóna hans vann við umhirðu í kirkjugarði. Var hann vegna vinnu sinnar talinn undarlegur og óþægilegur náungi. Bíómyndin er listform sem speglar ríkjandi viðhorf og í þessari mynd er hugmyndin um kirkjugarðinn sem óæskilegan stað sterk. Höfundur getur samsamað sig þessari mynd eftir að hafa unnið í Gufuneskirkjugarði í mörg sumur. Fékk höfundur oft sterk viðbrögð vegna starfsins og var gjarnan spurður hvort hann þyrði að stíga ofan á þá jörð þar sem líkin voru jarðsett.

³³ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 138.

³⁴ Maddrell og Sidaway, *Deathscapes*, bls. 99.

5. Þverstæðan og fjölbreytileikinn. Þriðja lögmál heterótópíunnar

Heterótópía getur verið safn ólíkra rýma og staðsetninga í einu rými samkvæmt þriðja lögmáli heterótópía. Líkt og leikhúsið eða kvikmyndin, sem innihalda runu staða, fjallar Foucault einnig um hugmyndina að baki forna garðsins sem smækkaða heimsmynd. Þriðja lögmálið segir að heterótópíur geti dregið saman á einum raunverulegum stað, mörg rými sem í eðli sínu eru ósamrýmanleg.³⁵ Ef þekkingarrými eru ramminn okkar þá má hugsa sér að rammi okkar tíma teygist í allskonar áttir. Það sem gerir það af verkum er að nútíma samfélag er fjölbreytt og þar búa saman mismunandi þjóðar- og trúarhópar. Það er ekki bara einn valkostur í boði við dauða okkar. Okkur stendur val um aðferðir, athafnir og ýmislegt fleira undir formerkjum mismunandi trúar.

5.1 Rými með mörg andlit

Hér má taka Gufuneskirkjugarð sem dæmi. Hefur að mati höfundar verið gerð tilraun í kirkjugarðinum til að setja á svið, líkt og í leikhúsinu eða forna garðinum, smækkaða heimsmynd í formi ólíkra trúarreita. Þar er til að mynda reitur múslima þar sem legsteinarnir snúa allir til Mekka ólíkt öðrum legstæðum. Þar við hlið, aðeins afmarkað með nokkrum runnum, birtist önnur sviðsmynd þar sem búddistar hvíla. Matarfórnir einkenna þeirra svið, þar ægir saman skemmdum ávöxtum og jólakökum frá liðnum vetri ofan á legstæðum. Í næsta nágrenni er svo ásatrúarreiturinn þar sem hóll í laginu eins og víkingaskip einkennir svæðið. Aðeins lengra frá eru önnur svæði eins og óvígði reiturinn, duftgarðurinn og minnisvarðinn fyrir þá sem týnst hafa. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) gáfu út rit, *Trúarbrögð og útfararsíðir: Uppruni og Inntak*.³⁶ Þykir höfundi það sýna mikla viðleitni í því að þjónusta alla, sama hver bakgrunnur þeirra er, á trúarlegum grundvelli.

Jafnvel þó KGRP séu opnir fyrir fjölbreytilegum dauðarýmum trúar og menningar eru þeir að mati höfundar ekki opnir í túlkun sinni á dauðanum sjálfum. Sýnt hefur verið fram á að þegar kirkjugarðurinn var enn staðsettur í miðju borgarinnar hafi fjölbreytileiki kirkjugarðsins verið í formi virkni hans. Þar voru haldnir markaðir og fólk gat farið í lautarferðir og hlustað á tónlist. Kirkjugarðurinn bauð ekki upp á mikið trúarlegt svigrúm en notkun hans var mun fjölbreyttari en gengur og gerist í dag. Þegar kirkjugarðarnir voru færðir út fyrir borgina misstu þeir oft tengingu sína við kirkjubygginguna sjálfa. Var

³⁵ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 139.

³⁶ Gunnar Neegard, *Trúarbrögð og útfararsíðir: Uppruni og Inntak*, rafbók af: http://www.kirkjugardar.is/Truarbrogd_og_utfararsidir/#. Guttormur Helgi Jóhannesson þýddi, Reykjavík: Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, 2008.

kirkjugarðurinn því opnari til að þjónusta fleiri trúarhópa. Á sama tíma og í kjölfar þeirrar hræðslu sem skapast hafði í kringum dauðann missti garðurinn getuna til að vera staður samkomu og hluti af hinu daglega lífi. Kirkjugarðar okkar daga eru til losunar líkamsleifa og vitjunar leiða.³⁷ Hér má spyrja sig hvort kirkjugarðar, og það víðáttumikla landsvæði sem undir þá fer, séu ekki kjörnir til að þjónusta annað en afmarkaða hugmynd um dauðann. Samkvæmt reglugerðum KGRP sem snúa að umgengni garða segir að allur hávaði og ys sé bannaður ásamt hundum og börnum undir 12 ára aldri nema í fylgd með fullorðnum.³⁸ Kirkjugarðar okkar eru fangar þekkingarrýmis okkar daga og hönnun þeirra í reitum og reglu. Að mati höfundar ættu kirkjugarðar okkar að vera almenningi og náttúrunni til góða með því að leyfa opna túlkun á dauðanum og sorginni sem sums staðar í heiminum er tekið fagnandi.³⁹ Forsendur kirkjugarðs sem heterótópiu myndu kannski breytast en hugmyndir höfundar eru útópískar. Breytingar falla þó undir heterótópiur eins og komið hefur verið að og aðeins tíminn veit hvernig kirkjugarðurinn, með stærri dauðarýmum okkar, mun þróast.

³⁷ Maddrell og Sidaway, *Deathscapes*, bls. 99.

³⁸ „Umgengni um garðana,“ *Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma*, sótt 3. nóvember af <http://www.kirkjugardar.is/sida.php?id=254&width=1920&height=1080>.

³⁹ „Here's a tribe that celebrates death, mourns birth,“ *The Hindu Business Line*, 2012, sótt 2. desember af <http://www.thehindubusinessline.com/news/variety/heres-a-tribe-that-celebrates-death-mourns-birth/article3816225.ece>.

6. Uppsöfnun og hverfulleiki tímans. Fjórða lögmál heterótópiunnar

Fjórða lögmálið fjallar um tímann. Heterótópiur sem fjalla um tímann má einnig kalla heterókróníur. Þær hafa þann eiginleika að slíta manninn úr tengslum við tíma sinn. Heterókróníur eru af tvennu tagi, heterótópiur þar sem tíminn hrannast upp eða heterótópiur sem eru bundnar við tímann. Foucault fjallar um að heterótópiur sem fela í sér uppsöfnun tímans, eins og lista- og bókasöfn, séu afurð 19. aldar þegar áráttan við að safna, skrá, mæla, flokka og varðveita allt á einum stað var einkennandi. Söfnin eru staður allra tíma en standa utan við hann. Foucault tekur hátíðina og orlofshús hins vegar sem dæmi um heterótópiu sem bundin er við tímann. Staðir sem koma og fara eða staðir sem við nýtum tímabundið.

Í tengslum við heterókróníur má hér aftur taka kirkjugarðinn sem dæmi. Færa má rök fyrir því að þar sé maðurinn bæði slitinn út tengslum við tíma sinn í formi sorgarinnar og að tíminn safnist þar að einhverju leyti upp.⁴⁰ Þar hvílir fólk „að eilífu“. Legsteinar og krossar, persónuleg minnismerki hvers og eins safnast upp og bera merki tímans í formi tískubylgja, veðrun, sögu og tímabils. Gröfum fjölgar og garðurinn stækkar með tímanum, samhliða uppsöfnum hinna látnu.

6.1. Rými sorgarinnar

Fræðimenn hafa deilt um hvort það sé mannum edlislægt að óttast dauðann og að dauðinn sé því einskonar drifkraftur. Líklegri skýring er að hræðsla við dauðann, hvort sem það er hræðsla við hina dauðu, dauðann við enda lífskeiðs, eða líf eftir dauðann, sé eitthvað sem er að mestu lærð hegðun. Samfélagslegar aðstæður og þekkingarrými hverju sinni móta viðhorf til dauðans og hvort hann sé eitthvað til að óttast. Dauðinn er gjarnan tengdur við þá tilfinningu sem hann vekur. Stundum er sú tilfinning ótti. Það er ekki bara hugmyndin um dauðann sem endastöð okkar sem vekur ótta heldur einnig þau tilfinningalegu áhrif sem dauðinn kann að hafa þegar hann tekur einhvern frá okkur. Maðurinn er félagsvera og samskipti og afskipti okkar af hvort öðru gefa lífi okkar merkingu. Þegar dauðinn tekur einhvern sem gaf lífi okkar merkingu bregðumst við við þeim missi með sorg. Sorgin er ein sársaukafyllsta og sterkasta tilfinning sem maðurinn getur upplifað.⁴¹ Margir skynja tímann mjög sterkt þegar þeir missa ástvin. Tilfinningunni er gjarnan lýst sem tíminn standi í stað og það sem maður myndi venjulega gera í amstri dagsins hefur enga merkingu lengur. Sorgin setur oft tímann í annað samhengi fyrir okkur, lífskeið okkar og ár verða frekar

⁴⁰ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 139-140.

⁴¹ Moore og Williamson, „The Universal Fear of Death and the Cultural Response,“ bls. 3.

umhugsunarefni heldur en stundarskráin og skipulag dagsins. Sorgarferlið er einnig bundið tímanum.⁴²

⁴² „Sorg og Sorgarferli,“ *Persóna.is*, 2004, sótt 3. nóvember af <http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=76&pid=27>.

7. Kerfi opunar og lokunar. Fimmta lögmál heterótópiunnar

Fimmta lögmál heterótópiunnar fjallar um flæði staða inn í þá og út úr þeim. „Heterótópiur fela ávallt í sér kerfi opunar og lokunar sem í senn einangrar þær og opnar leiðir inn í þær.“⁴³ Á Foucault við þá staði þar sem menn eru annaðhvort þvingaðir inn, þurfa að ganga í gegnum ferli eða fá leyfi til þess að komast inn og út. Ferlið gæti til að mynda falið í sér trúarlegar eða heilsufarslegar hreinsanir. Tekur hann hér ólík dæmi annars vegar af fangelsinu og herbúðunum, þar sem menn eru strípaðir og þvingaðir inn, og hins vegar „hammam“ múslima og skandinavíska sánabaðinu sem þá staði þar sem ganga þarf í gegnum ferli hreinsana eða látbragða. Fimmta lögmálið á einnig við þá staði sem fela í sér algjörlega opið rými þar sem allir komast inn en felur í sér útilokanir þegar inn er komið og eru því aðeins blekking. Hér má nota forstofuna til útskýringar og því hlutverki sem hún gegndi lengi vel. Í forstofu húsa var gjarnan gestaherbergi, sem var opið öllum en útilokað öðrum rýmum fjölskyldunnar.⁴⁴

Fimmta lögmálið má einnig tengja við hvernig dauðarýmin eru sífellt að opnast og lokast fyrir hugmyndum. Eins og Foucault kom að þá mátti lengi greina stéttaskiptingu manna á hvernig þeir voru grafnir og hvar, heilagast rými kirkjunnar eða út fyrir mörk kirkjugarðsins.

7.1 Rými grafarinnar

Hér reikar hugurinn aftur í tímann til helgra grafhýsa fornra þjóða sem hinn vestræni maður og grafræningjar rufu í von um gróða og ævintýragirni. Hver kannast ekki við söguna um bölvun múmíunnar.⁴⁵ Dauðarýmin standa okkur ekki alltaf opin. Höfundur rakst á sögu frá árinu 1902 í tímaritinu *Bjarki* sem segir frá honum Pétri. Pétur átti í deilum við kirkjuprestinn og neyddist því til þess að segja sig úr söfnuðinum. Nokkru síðar lést nýfætt barn hans og þegar kom að því að grafa barnið fer hann til prestsins og biður um reit í kirkjugarðinum. Fær hann þau svör að kirkjugarðurinn sé einungis fyrir safnaðarmeðlimi. Í lok frásagnar er sagt frá því hvernig Pétur laumast að næturlagi og stelur vígðri mold úr kirkjugarðinum til að dreifa við grafarstað barn síns.⁴⁶ Fundist hafa dæmi þar sem ungbörnum (sem mögulega fæddust utan hjónabands) hafa verið komið fyrir og falin til fóta þeirra sem grafnir eru í

⁴³ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 141.

⁴⁴ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 140-141.

⁴⁵ „Curse of the Mummy,“ *National Geographic*, sótt 2. desember af <http://science.nationalgeographic.com/science/archaeology/curse-of-the-mummy/>.

⁴⁶ Án titils úr tímaritinu: *Bjarki*, 1902, bls. 2-7.

vígðri mold.⁴⁷ Enn í dag má finna staðfestingu þess að gamlar hugmyndir um hverjir megi koma inn og þar með tilheyra. Sem dæmi má nefna að skírnarfontur í Grafarvogskirkju, sem vígð var árið 2000, er staðsettur um miðbik kirkjunnar en ekki við altarið.⁴⁸

Í kirkjunni var tekinn upp sá forni siður að koma skírnarfontinum fyrir á leið barnsins til samfélags kristinna manna á miðjum heilaga veginum. Þar er rúmt um hann og aðstandendur safnast þar saman við athöfnina. Að henni lokinni er haldið með barnið að altarinu, söfnuði kristinna manna.⁴⁹

Við heimildarleit kom ítrekað fram að þess er getið sérstaklega ef einstaklingur er grafinn óvígðri mold og sýnir það fram á útilokun hins látna frá viðurkennda dauðarými.

⁴⁷ „Fundu lík barns við fætur biskups,“ *mbl.is*, 2015, sótt 28. nóvember af http://www.mbl.is/frettir/taekni/2015/06/22/fundu_lik_barns_vid_faetur_biskups/.

⁴⁸ „Grafarvogskirkja,“ *Nat: Guðshús á Íslandi*, sótt 2. desember af <http://www.nat.is/Kirkjur/Kirkjur%20SV%20grafarvogskirkja.htm>.

⁴⁹ „Grafarvogskirkja,“ *Nat: Guðshús á Íslandi*, sótt 2. desember af <http://www.nat.is/Kirkjur/Kirkjur%20SV%20grafarvogskirkja.htm>.

8. Blekking og sárabót. Sjötta lögmál heterótópiunnar

Sjötta og síðasta lögmál heterótópiunnar varðar annars vegar blekkinguna og hins vegar sárabótina og setur Foucault þær upp sem einskonar andstæður. Blekkingarrými sýna okkur að öll lífsrými okkar, hvernig sem þau eru hólfuð niður, eru blekking og tekur hann vændishúsið sem dæmi. Sárabóta heterótópiur gegna hins vegar því hlutverki að skapa annað rými en það sem við búum í sem er „... jafn fullkomið, jafn óaðfinnanlegt, jafn vel skipulagt og okkar eigið er óreiðukennt, illa skipulagt og ruglingslegt.“⁵⁰ Nefnir Foucault að sárabóta heterótópiunnar hafi einnig gegnt hlutverki endurskipulagningar hins jarðneska rýmis. Hér tekur hann dæmi af nýlendunni.⁵¹

8.1. Rými sýndarveruleikans

Blekkingar heterótópían tengist þeim stöðum í menningu okkar sem fela það sem við viljum ekki sjá og á sama tíma skapa veröld sem er ekki sönn. Í menningu okkar er mikil áhersla lögð á ungleika, fegurð og lífsþrótt. Við meðhöndlun látinna eru líkin snyrt, máluð og látin líta út fyrir að sofa til að vernda okkur frá sannleika tímans, dauðans og rotnunar. Rými líksnyrtisins er blekkingar heterótópía og felur í sér óreiðu í formi framsetningar sem á að gefa til kynna eitthvað sé fullkomlega eðlilegt en hylur sannleikan, dauðann. Hlutverk líksnyrtisins og það framleiðsluferli sem fer í gang milli dauðarýmanna má tengja við það sem við viljum ekki sjá í dauðaferli einstaklings.⁵²

Rétt eins og líksnyrtinn býr til blekkingu þá skapa einstaklingar sér ímynd á netinu sem jafna má við blekkingu líksnyrtisins. Internetið afbakar allt rými. Það er líkt og spegillinn sameiginleg reynsla útópiu og heterótópiu. Það er staður án staðar og veröld án áþreifanlegs rýmis. Hins vegar tekur það raunverulegt pláss í tæknilegum rýmum og er raunverulegur mótandi þáttur í lífsrými okkar. Internetið er botnlaust rými upplýsinga og dauðinn er þar fyrirferðamikill. Flestir í nútímasamfélagi okkar daga eiga sér einskonar útópíska útgáfu af sjálfum sér á netinu. Oftar en ekki er sú persóna unglegrí, fallelgrí og þróttmeiri en fyrirmyndin. Þessi persóna lifir þar áfram eftir andlát okkar. Dæmi má taka af samskiptavefnum Facebook þar sem jafnvel eftir dauða geta meðlimir síðunnar skrifað skilaboð á vegg látinnar persónu. Þetta minnir oft á tíðum á minningarathöfn en í allt öðru rými. Athyglisvert er að bera þetta saman við frumstæðar hugmyndir mannsins um líf eftir

⁵⁰ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 141.

⁵¹ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 141-142.

⁵² Maddrell og Sidaway, *Deathscapes*, bls. 102.

dauða. Rýmislega eru hinir dauðu enn til staðar á internetinu líkt og hinir dauðu áttu sér rými og voru lifandi í minningum frummannanna.⁵³

8.2. Rými umhverfisvakningar

Foucault setti fram hugmynd sína um heterótópíur á sjöunda áratug síðustu aldar. Væri hann enn á meðal okkar væri hann ef til vill búinn að setja fram nýja kenningu um rými tímans. Á undanförunum árum hefur verið mikil vitundavakning um sjálfbærni og umhverfisvitund samfélags okkar hefur aukist. Sprottið hafa upp, með nýjum vinkli þekkingarrýmisins, ýmis hönnunar og arkitektúr tengd verkefni sem snerta á rými hinna dauðu og hvernig hægt væri að líta á jarðneskar leifar okkar á nýjan hátt. Allir hafa heyrt minnst á orðatiltækið frá vöggum til grafar. Í raun er orðatiltækið ekki nægilega lýsandi fyrir lífshringinn, það segir aðeins hálf söguna. Ekki er hugað að því ferli sem á sér stað eftir dauðann. Hugmyndin á bakvið þetta einfalda orðatiltæki er endurvarp okkar eigin hugsana og viðhorfa. Að lífshringurinn sé fullkláraður þegar andlát ber að er að mörgu leyti afbökun á raunveruleikanum og einkennandi fyrir það þekkingarrými sem er mögulega að líða hjá.

Fjölmörg verkefni og heimasíður fjalla um breytta greftrunarsíði með áherslu á einfaldleika, vistvænni leiðir og umhverfislegan ávinning þess að nota líkama okkar sem næringu fyrir aðrar lífverur. Athyglisvert að bera þetta saman við núgildandi reglur KGRP um bann við gróðursetningu fjölærra plantna við leiði.⁵⁴ Þetta á vel við það sem Foucault skilgreindi sem sárabóta heterótópíu. Þetta er að vissu endurskipulagning hins jarðneska rýmis og leið til að greiða úr óreiðu.⁵⁵ Ný verkefni sem fjalla um dauðann fjalla um nýtt upphaf þar sem dauðinn þarf ekki að vera endastöð. Þessi verkefni eru gríðarlega mikilvæg að mati höfundar í ljósi þess að fólksfjölgun í heiminum er hröð og rými hinna látnu stækka ört. Þau bjóða uppá nýja túlkun á dauðanum sem jákvæðu fyrirbæri og kynna leiðir sem nýtast heildar rými okkar innan sem utan líkamans.

⁵³ Moore og Williamson, „The Universal Fear of Death and the Cultural Response,“ bls. 4.

⁵⁴ „Um gengni um garðana,“ *Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma*, sótt 3. nóvember af <http://www.kirkjugardar.is/sida.php?id=254&width=1920&height=1080>.

⁵⁵ Foucault, „Um önnur rými,“ bls. 141.

Lokaorð

Við höfum öll upplifað dauðann. Hann varðar alla. Við upplifum hann beint þegar við missum einhvern úr lífi okkar eða stöndum sjálf frammi fyrir honum. Við upplifum hann óbeint allt í kringum okkur, alla daga, sama hvort við tökum honum fagnandi eða reynum að forðast hann. Við munum ávalt vera mótuð af tímanum og þeirra hugmynda sem hann býður uppá. Dauðarými birta okkur hugmyndir hvers tíma á skýran hátt því dauðinn líkt og tíminn er fasti. Hin ýmsu rými dauðans eru innra með okkur, fyrir dauðann og eftir hann.

Við leitumst alltaf við að fullkomna líf okkar í útópiunni. Útópián er ekki áþreifanlegt rými heldur hugmynd um hið fullkomna. Afurð útópiunnar er heterótópián sem finna má í raunverulegu rými. Heterótópiurnar eru okkur nauðsynlegar til þess að komast sem næst útópiunni.

Dauðarými fylgja lögmálum heterótópianna. Þau finnast í öllum menningarsamfélögum og eru gjarnan táknmynd einhverskonar kreppu eða fráviks frá samfélaginu í formi stofnanna fyrir dauðann. Dauðarými breytast, mótast og þróast samhliða þekkingarrými hvers tíma og sýna með formi sínu hvaða hugmyndir maðurinn hefur um manninn og dauðann. Þau hafa þann eiginleika, rétt eins og leikhús að geta sett á svið smækkaða heimsmynd sem þjónar öllum trúar og samfélagshópum. Dauðarými eru einnig nátengd tímanum hvað varðar sorgina en einnig hvernig rýmin eftir dauðann safna upp ekki aðeins líkómum heldur minnisvörðum sem bera merki hvers tíma. Dauðarými standa okkur ekki alltaf opin og veruleiki dauðans er nútímamanninum oft hulinn.

Arkitektúr snýst meðal annars um að það að skilja hvernig sagan og tíminn mótast umhverfið. Arkitekt þarf að nota fræðileg og vísindaleg vinnubrögð en einnig innsæi sitt til að leggja mat á, móta og mynda forsendur hönnunar rýmismótandi verkefna. Það síðasta sem afi minn sagði við mig áður en hann dó var „vertu hugrökk.“ Sú setning hefur orðið að ákveðnu rými í mínu lífi. Á einhvern hátt hefur hún sem hinna kveðja öðlast meiri merkingu og um leið eigið líf. Það þarf að mínu mati ákveðið hugrekki að taka stórar rýmislega ákvarðanir sem arkitekt. Ég vil sem arkitekt hafa hugrekkið að leiðarljósi en minna mig jafnframt á það sem dauðinn getur kennt okkur. Það þarf hugrekki til hugsna og hanna framfyrir eigin dauða. Það þarf hugrekki til að brjóta gildandi þekkingarrými og leitast þannig við að skapa arkitektúr sem á erindi í fleiri en eitt þekkingarrými. Vonandi mun tíminn sigra mig áður en hann sigrar rýmið sem ég mun skapa.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

- Benjamin, Walter, „Sögumaðurinn: Hugleiðingar um verk Nikolai Leskov,” í *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, Bergljót Soffía og María Kristjánsdætur þýddu, aðal þýðandi Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008.
- Foucault, Michel, „Um önnur rými,” í *Ritið: Tímarit hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 1 t.bl., Benedikt Hjartarson þýddi, 131-142, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2002.
- Maddrell, Avril og James D. Sidaway ritstýrðu, *Deathscapes: Spaces for Death, Dying, Mourning and Remembrance*, Surrey: Ashgate Publishing Limited, 2010.
- Moore, Calvin Conzelus og John B. Williamson, „The Universal Fear of Death and the Cultural Response,” í *Handbook of death and dying*, Clifton D. Bryant og Dennis L. Peck ritstýrðu, 3-13, London: SAGE Publications, 2007.
- Sigrún Sigurðardóttir, „Þekkingarrými,” *Mæna*, (2012): bls. 60-62.
- Stanford, Peter, *How to Read a Graveyard*, London: Bloomsbury Publishing, 2013.
- Steinar Örn Atlason, „Það gisti óður: Um Foucault, líkamann og lífvaldið,” í *Af marxisma*, 2. útgáfa, Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson ritstýrðu, bls. 62-82, Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.
- Örn Bjarnason, „Skilgreining dauðahugtaksins og staðfesting dauða,” *Læknablaðið*, 2000. [Án Höfundar],[Án titils], *Bjarki*, (1902): bls. 2-7.

Vefheimildir:

- Benjamin, Walter, „Sögumaðurinn: Hugleiðingar um verk Nikolai Leskov,” í *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, Bergljót Soffía og María Kristjánsdætur þýddu, aðal þýðandi Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008.
- Foucault, Michel, „Um önnur rými,” í *Ritið: Tímarit hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 1 t.bl., Benedikt Hjartarson þýddi, 131-142, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2002.
- Maddrell, Avril og James D. Sidaway ritstýrðu, *Deathscapes: Spaces for Death, Dying, Mourning and Remembrance*, Surrey: Ashgate Publishing Limited, 2010.
- Moore, Calvin Conzelus og John B. Williamson, „The Universal Fear of Death and the Cultural Response,” í *Handbook of death and dying*, Clifton D. Bryant og Dennis L. Peck ritstýrðu, 3-13, London: SAGE Publications, 2007.
- Sigrún Sigurðardóttir, „Þekkingarrými,” *Mæna*, (2012): bls. 60-62.
- Stanford, Peter, *How to Read a Graveyard*, London: Bloomsbury Publishing, 2013.

Steinar Örn Atlason, „Það gisti óður: Um Foucault, líkamann og lífvaldið,“ í *Af marxisma*, 2. útgáfa, Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson ritstýrðu, bls. 62-82, Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

Örn Bjarnason, „Skilgreining dauðahugtaksins og staðfesting dauða,“ *Læknablaðið*, 2000.
[Án Höfundar],[Án titils], *Bjarki*, (1902): bls. 2-7.

Myndaskrá

Mynd 1: Rósa Harðardóttir, „Afi horfir inn í eilífðina,“ 2011, úr einkasafni.